



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2024
MÍ202409-0149/ 6.07 / I.S.K.

Rannsóknar- og miðlunarvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Umsögn um mat á umhverfisáhrifum

Minjastofnun Íslands hefur borist erindi Skipulagsstofnunar varðandi Vestmannaeyjalínur 4 og 5 – tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Vestmannaeyjalínur 4 og 5 eru nýir 66 kV jarð- og sæstrengir sem koma til með að verða lagðir að mestu samliggjandi. Lagnaleið er frá tengivirkinu Rimakoti í Rangárþingi eystra sem jarðstrengir niður Landeyjasand til sjávar, þaðan sem sæstrengir að landi í Vestmannaeyjum og sem jarðstrengir að tengivirki við austurenda hafnarinnar.

Inga Sóley
Kristjónudóttir

ingasoley@minjastofnun.is

Fornleifaskráning hefur farið fram á vettvangi á þann hluta leiðarinnar sem liggur frá Rimakoti að sjó. Liggur strengurinn þar í eða við 3 minjar. Eru það garðlag (nr. 005 í greinargerð Landsnets) og rústabunga (nr. 007) sem strengurinn liggur í gegnum og rúst/úthús (nr. 006) sem er skammt við strengleið. Hér þarf að fá fornleifafræðing til að gera könnunarskurði til að kanna umfang og eðli. Minjastofnun tekur svo ákvörðun um hvort frekari mótvægisáðgerða sé þörf útfrá niðurstöðum könnunarskurða. Þá þarf að merkja og upplýsa verktaka á vettvangi um aðrar minjar sem eru í innan við 15 m fjarlægð við strengleið svo þær raskist ekki af gátleysi.

Fyrirhuguð strengleið liggur svo eftir sjávarbotni frá meginlandinu að Vestmannaeyjum. Hér þyrfti að fá neðansjávarfornleifafræðing til að skoða og fara yfir gögn sem gerð hafa verið s.s. skönn og mælingar af hafsbotni til að ganga úr skugga um að ekki séu flök á leiðinni.

Á stuttum kafla í Vestmannaeyjum liggur strengleið innan 100m friðhelgissvæði friðlýstu minjanna í Skansinum. Æskilegt er að strengurinn sé færður útfyrir friðhelgissvæði en sé það ekki mögulegt skal halda öllu raski í lágmarki og ganga vel frá svæðinu að verki loknu. Sé farið eftir ofantöldum mótvægisáðgerðum telur Minjastofnun ekki þörf á að ofangreind framkvæmd fari í umhverfismat .

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnun Íslands



Inga Sóley Kristjónudóttir
Verkefnastjóri



Vestmannaeyjar, 11. október 2024
202410040 dh

Efni: Umsögn Vestmannaeyjabæjar vegna tilkynningar um framkvæmd Vestmannaeyjalína 4 og 5

Vestmannaeyjabær hefur átt samráð við mótun og val leiða Vestmanneyjalína 4 og 5, frá sjá að landtöku á Heimaey og frá Gjábackkafjöru að spennistöð Landsnet. All nokkrir valkostir voru skoðaðir en allir fela í sér nokkuð rask á landi. Það er Vestmannaeyjabæjar að ásættanleg leið hafi verið valin og að raskið sé ásættanlegt vegna hagsmuna bæjarins. Engu að síður er lykilatriði að vanda til verks á framkvæmdatíma og hugað sé að áframhaldandi samráði við bæjarfélagið.

Landslag – Strengjaleið frá Gjábackkafjöru að spennuvirki

Frá Gjábackkafjöru er strengjaleiðin leidd upp gil ofan fjörunnar og að Skannsvegi.

Eins og fram kemur tilheyrir sá hluti Eldfellshrauns ekki náttúruverndarsvæði, en tilheyrir þó hverfisvernduðu svæði skv. Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035. Strengjaleiðin liggur þó í nálægð Flakkarans sem er á náttúruminjasrá. Þó að lúpína hafi að hluta dreift sér um svæðið, er þar einnig um að ræða ósnortið hraun yfirborð þar sem má finna stórbrotnar hraunmyndanir og óraskað landslag. Landslagið á svæðinu er því nokkuð óraskað frá því að það rann fram sem hraun og ljóst er að langing jarðstrengjanna mun hafa áhrif á þetta landslag. Því þarf að vanda til verks þannig að sneitt sé framhjá hraunmyndunum og landslag haldist sem eðlilegast.

Gönguleið að Gjábackkafjöru er sem stendur ill fær sökum bratta og illgresis. Vonir eru bundnar við að að loknum framkvæmdum myndist ný gönguleið að Gjábackkafjöru. Á þeim hluta leiðarinnar sem ekki verða göngustígar er mikilvægt að jafna og endurgera eðlilega ásýnd hraun yfirborðsins.

Göngustígar um hraunsvæði

Í tilkynningu kemur fram „Stór hluti leiðarinnar er samsíða göngustígum þ.e. á eða við þegar raskað land. Alaskalúpína hefur tekið sér bólfestu á stórum hluta leiðarinnar.“

Fulltrúar landsnet og Vestmannaeyjabær sammældust um að best leið að spennivirki Landsnet frá Skannsvegi væri um hraunstíga sem eru fyrir á svæði sem hefur gróft hraun yfirborð. Svæðinu hefur þegar verið raskað með lagningu göngustíga en er að öðru leyti óraskað hraun yfirborð og að mestu mosagróið. Lúpína hefur þó dreift sér að hluta um svæðið.

Hraunstígarnir sem valdir voru fyrir leiðina eru þeir sem eru breiðastir en þó verður nauðsynlegt að raska hrauni í jaðri stíganna. Á þessu svæði hefur verið rætt um að



Vestmannaeyjabær

reyna að fjarlægja mosavaxna hraunsteina og að gera tilraun til að endurgera umhverfið að hluta.

Eins og fram kemur í tilkynningunni er gert ráð fyrir 3 metra fjarlægð á milli strengja og að búast megi við röskuðu svæði við hlið strengjaleiðanna t.d. vegna tækjabúnaðar. Rætt hefur verið að takamarka slíkt rask með því að opna eina skurðarleið í einu og á meðan sé tækjabúnaður hinum hluta stígsins.

Framkvæmd og samráð

Þar áhrif strengjaleiðar á svæðinu á landslag og hraunmyndanir fer mjög eftir nákvæmri staðsetningu strengjaleiða óskar Vestmannaeyjabær eftir samstarfi á framkvæmdatíma þar sem nákvæmlega strengja verður ákvörðuð. Lagt er til að samráð verði um hvern hluta leiðarinnar. Með því að vanda til verks og vernda það landslag sem fyrir er á svæðinu má einnig gera upplifun af nýjum gönguleiðum sem allra besta.

Mjög mikilvægt er að fjarlægja allt fylliefna af hrauninu að loknum framkvæmdum. Hlut strengja leiðarinnar er nokkuð vinsælt ferðamannasvæði. Þar má nefna svæðið ofan Gjábakkafjöru og hraunskóga sem liggja sunnan við spennistöð Landsnet. Vestmannaeyjabær leggur til að framkvæmdin verði skipulögð í áföngum með það að markmiði að skurðir séu opnir í sem allra stystan tíma.

Frágangur lands - Ákvæði um frágang í skipulags

Vestmannaeyjabær áréttar ákvæði um skilmála í tillögu að breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna lagning Vestmannaeyjalína 4 og 5.

Háspennustrengir í flutningskerfi eru færðir inn á aðalskipulagsuppdrátt en lega þeirra getur tekið hóflegum breytingum við nánari ákvörðun á hönnunar- og framkvæmdastigi, til þess að lágmarka rask og fella leguna betur að landi. Getið er um aðveitustöð og varavélar í skilmálum um landnotkunarreit á hafnarsvæði. Taka þarf tillit til helgunarsvæða við aðra mannvirkjagerð eða skógrækt.

Um frágang vegna lagningar háspennustrengja á svæðum með hraunfyrirborði og hverfisvernduðum svæðum gilda eftirfarandi sérákvæði:

- Að hraunsteinar séu teknir frá og notaðir við að endurgera umhverfi.
- Að nákvæmt leiðarval sé ákveðið út frá hraunmyndunum á hverjum stað – mögulega verði stundum meira bil milli strengja til að sneiða hjá hraunmyndunum.
- Að þar sem strengjaleiðir breyta eðlilegu landslagi vikursyfyrborðs (t.d. vegna skeringa eða þar sem eru hólar) að þar sé leitast við að endurgera yfirborðið.
- Að leitast sé við að nýjar gönguleiðir séu búnar til þar sem strengjaleiðir búa til nýtt aðgengi.



Vestmannaeyjabær

Að öðru leyti en ofangreind umfjöllun gerir grein fyrir gerir Vestmannaeyjabær ekki athugasemdir við tilkynningu Landsnet og brýnir mikilvægi framgangs verkefnisins fyrir sveitarfélagið.

Virðingarfyllst,

Dagný Hauksdóttir
Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Vegna: Máls nr. 1056/2024, Vestmannaeyjalínur 4 og 5 - Lagning 66 kV sæstrengja til Vestmannaeyja (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Samgöngustofa bendir á að sky. 10. Gr. Laga nr. 132/1999 um vitamál skal „[Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjárleiðslur eru lagðar afla samþykkis [Samgöngustofu] 1) fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.“

Ólöf Anna Rúðolfsdóttir - SGS

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir/thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

Sent inn þann: 02.10.2024 , **Fyrir hönd:** Samgöngustofa



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 30. september 2024
2409002HS SHJ

Efni: Vestmannaeyjalínur 4 og 5, nr. 1056/2024: Umsögn um tilkynningu um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu

Þann 30. ágúst sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar lagningar Vestmannaeyjalína 4 og 5 frá Rimakoti í Rangárþingi eystra til Vestmannaeyja.

Um er að ræða nýja u.þ.b. 18 km langa 66 kV jarð- og sæstrengi sem munu liggja yfir skilgreint landbúnaðarland sunnan við tengivirkið í Rimakoti í Rangárþingi eystra niður Landeyjasand til sjávar, þaðan sem sæstrengir að landi í Gjábakkafjöru í Vestmannaeyjum og aftur sem jarðstrengir að tengivirki Landsnets við austurenda hafnarinnar í Vestmannaeyjum. Stór hluti lagnaleiðarinnar er á þegar röskuðu landi. Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja orkuöryggi í Vestmannaeyjum með því að styrkja tengingu við flutningskerfið á Suðurlandi, en þar sem Vestmannaeyjar eru aðeins tengdar við það í gegnum sæstrengi getur viðgerðartími verið margir mánuðir ef bilun verður. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2025 og ljúki sama ár eða fyrri hluta ársins 2026.

Í umhverfismati voru metin áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþættina jarðmyndanir, gróður, fuglar, verndarsvæði, fornminjar, landslag, landnotkun, hagrænir þættir og innviðir, heilsa og öryggi. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin tímabundin á framkvæmdatíma og að mestu leyti afturkræf, nema að rask á hrauni er óafturkræft. Þá eru takmarkanir á landnotkun þar sem taka þarf tillit til strengjanna varanleg á meðan búnaðurinn er í notkun.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum en ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun áhrifaþátta. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á



framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 30. september 2024
Málsnúmer: 202408-0048
IAS

Efni: Vestmannaeyjalínur 4 og 5. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun frá 30. ágúst 2024 síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um Vestmannaeyjalínur 4 og 5, nr. 1056/2024: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu).

Tilkynningin greinir frá framkvæmdum og mögulegum umhverfisáhrifum vegna lagningar Vestmannaeyjalínu 4 (VM4) og Vestmannaeyjalínu 5 (VM5). Vestmannaeyjalínur 4 og 5 verða lagðar á sama tíma, en þær liggja á milli sömu tengivirkja (kennd við Rimakot og Vestmannaeyjar) og samliggjandi að hluta. Vestmannaeyjalína 4 hlaut áður umfjöllun ásamt Vestmannaeyjalínu 3 (VM3) árið 2009 í aðdraganda framkvæmdar við VM3. Var þá niðurstaða Skipulagsstofnunar að strengirnir væru ekki matskyldir, en rétt þykir að fjalla hér aftur um VM4 vegna ákvörðunar sem óskað er eftir um VM5.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Eins og fram kemur í lýsingunni þá eru strengleiðirnar frá Rimakoti og niður að sjó á mikilvægu fuglasvæði og í Vestmannaeyjum eru þær mikið til á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og liggja um svæði sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaráætlun náttúruuminjaskrár (B-hluta). Að auki eru leiðirnar í Vestmannaeyjum að hluta til innan svæðis 723 á C-hluta náttúruuminjaskrár. Eins og framkvæmdunum og mótvægisáðgerðum er lýst er raski haldið í lágmarki og umhverfisáhrif ásættanleg í ljósi þess að um mikið hagsmunamál er að ræða fyrir Vestmannaeyjar og aðrar lagnleiðir koma vart til greina.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er í matskyldufyrirspurninni nægjanlega vel gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og ekki þörf á að hún fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur



Vegna: Máls nr. 1056/2024, Vestmannaeyjalínur 4 og 5 - Lagning 66 kV sæstrengja til Vestmannaeyja
(Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Hafrannsóknastofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum. Stofnunin telur ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Jónas Páll Jónasson
Sviðsstjóri Botnsjávarsviðs

Höfundur: Jónas Páll Jónasson/jonas.jonasson@hafogvatn.is

Sent inn þann: 30.09.2024, **Fyrir hönd:** Hafrannsóknastofnun

**Pórdís Stella Erlingsdóttir**

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

**Umsögn Vegagerðarinnar um tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.
Vestmannaeyjalínur 4 og 5 - lagning 66 kV sæstrengja til Vestmannaeyja.**

Mál nr. 1056/2024

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tilkynningu vegna mögulegrar matsskyldu lagningar 66 kV sæstrengja til Vestmannaeyja, dags. 23. ágúst 2024.

Vegagerðin hefur rýnt tilkynningu til ákvörðunar á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af eftirlitshlutverki stofnunarinnar að tryggja öryggi sjófaranda.

Vegagerðin bendir á að samkvæmt lögum um vitamál nr. 132/1999 skal afla samþykkis Samgöngustofu fyrir legu slíkra strengja til að tryggja öryggi siglinga. Skv. 2. gr. sömu laga ber Vegagerðinni að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskmiðum í kringum landið. Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki, radíómerki til staðarákvörðunar og upplýsingar um veður og sjólag.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Vegagerðin að merkja beri landtökustað strengsins fyrir sjófarendur svo að þeir séu upplýstir um legu hans í sjónum. Samráð skal haft við Vegagerðina um gerð og staðsetningu slíkra leiðarmerkja. Ekki má taka leiðarmerki í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hendi Samgöngustofu sem sér um að leiðarmerkið verði auglýst svo sem nánar er greint í lögum um vitamál. Einnig skal tilkynna Vegagerðinni og Samgöngustofu um allar breytingar sem verða á leiðarmerkjum.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar

Greipur Gísli Sigurðsson
Rafmagnsverkfræðingur

Hólfríður Bjarnadóttir
Forstöðumaður
Umhverfi og sjálfbærni

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2024
UST202409-003/E.S.F.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Vestmannaeyjalínur 4 og 5

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 30. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Umrædd framkvæmd felur í sér lagningu nýrra jarð- og sæstrengja í svæðisbundna flutningskerfinu á Suðurlandi, Vestmannaeyjalínur 4 og 5, sem fyrirhugað er að leggja frá tengivirki í Rimakoti í Rangárþingi eystra til Vestmannaeyja. Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja örugga orkuafhendingu fyrir byggðina í Vestmannaeyjum með því að styrkja tengingu við flutningskerfið á Suðurlandi. Með því að leggja bæði VM4 og VM5 er afhendingaröryggi tryggt þó bilun verði í öðrum strengnum. Nýta á samlegðaráhrif með því að leggja strengina samtímis þar sem kostnaðurinn við lagninguna sjálfa er stærsti kostnaðarliðurinn í slíkri framkvæmd.

Umhverfisstofnun hefur áður gefið umsagnir tengdar framkvæmdinni, umsagnir um lýsingu og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna Vestmannaeyjalína 4 og 5, dags. 12. janúar og 9. ágúst 2024.¹

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands² er innan framkvæmdarsvæðisins m.a. vistgerðin língresis- og vingulsvist sem er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Fram kemur í framkvæmdalýsinguinni að strengleiðin liggja að litlum hluta í gegnum votlendi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að frágangur við strenglögna sé vandaður og farið verði

¹<https://www.ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%3fb6gn%20Vestmannaeyjal%3fagna%204%20VM4%20og%205%20VM5.pdf> og

https://www.ust.is/library/sida/atvinnulif/Tillaga_Breyting_a_adalskipulagi_Vestmannaeyja_2015_2035_Vestmannaeyjalina_4_VM4_og_5_VM5.pdf

² <http://vistgerdakort.ni.is/>

í viðeigandi mótvægisáðgerðir eins og að þetta skurði þar sem strengirnir fara í gegnum votlendi.

Vestmannaeyjar eru á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á B-hluta náttúruinjasrár vegna fuglalífs og klóþangsfjara en fjörurnar eru ekki á framkvæmdarsvæðinu. Strengleiðin er einnig innan svæðis sem NÍ hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, Suðurlandsundirlendið (VOT-S 3).³ Vistgerðir sem þar finnast, t.d. língresis- og vingulsvist, einkennast af ríku fuglalífi og eru algengir varpfulgar t.d. þúfutittlingur, hrossagaukur, lóuþræll, spói og stelkur.⁴ Lóuþræll, spói og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands, en miðað er við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum, til þess að tegundin kallist ábyrgðartegund.⁵

Vestmannaeyjar eru einnig skilgreindar sem mikilvægt fuglasvæði (SF-S 4) en þar eru afar mikilvægar varpstöðvar sjófugla.⁶ Fram kemur í greinargerðinni að Gjábakkafjara, þar sem strengirnir koma á land í Vestmannaeyjum, sé nú þegar raskað svæði og ekki að finna lykilttegundir sjófugla. Umhverfisstofnun hvetur þó til þess að leitað sé áhlits hjá Náttúrustofu Suðurlands varðandi fuglalíf á framkvæmdarsvæðinu í Vestmannaeyjum og hvaða leiðir mætti fara til að lágmarka rask á fuglalífi.

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að framkvæmdin fari fram fyrir utan varptíma til þess að lágmarka rask á fuglalífi.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Dæmi um mótvægisáðgerðir væru eins og kemur fram í greinargerð að varðveita svarðlag og gróðursetja eða sá fræi með staðartegundum í röskuð svæði þar sem það á við. Umhverfisstofnun tekur undir að rask á gróðri er tímabundið og með vönduðum frágangi þá munu ummerki um framkvæmdina mást út á fáeinum árum. Telur Umhverfisstofnun að áhrifin af lagningu strengjanna á vistgerðir og fuglalíf eins og lagt er upp með í greinargerð séu óveruleg.

Hraun

Í framkvæmdarlýsingunni kemur fram að lagning strengjanna í Gjábakkafjöru fellur innan svæðis sem er flokkast sem aðrar náttúruinjar. Um er að ræða svæði nr. 723, Helgafell og Eldfell og er lýsing á svæðinu í Náttúruinjasrá eftirfarandi: *Helgafell og Eldfell, Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin*

³ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>

⁴ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/lingresis-og-vingulsvist>

⁵ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

⁶ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/vestmannaeyjar>

og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.⁷

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. kortasjá Ní er sögulegt hraun, svonefnt Eldfellshraun, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd á því svæði sem jarðstrengirnir koma á land í Vestmannaeyjum.⁸

Í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð um framkvæmdina að hún mun hafa óafturkræf áhrif á hraunið sem nýtur sérstakrar verndar og því neikvæð áhrif á það. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði nánar um hraunið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á því sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum fyrir því að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu á því hvar jarðstrengurinn liggur, séu verndargildi hraunsvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana. Við valkostagreiningu ætti að meta vægi áhrifaþátta eins og umhverfisáhrif af framkvæmdinni, hagkvæmni og almannahagsmuni.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkja sem verða fyrir röskun.

⁷ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

⁸ <https://serstokvernd.ni.is/>

Lagning jarðstrengja í hraun getur haft talsvert neikvæð umhverfisáhrif í för með sér þar sem röskun á hrauni er að stærstu leyti varanleg og óafturkræf. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að metin séu áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins og hvort að hún muni hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminjanna sem eru í húfi.

Áhrif á vatn

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í greinargerð.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar 2022 - 2027⁹ og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Öll yfirborðsvatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og grunnvatn á að hafa góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi og að vatnsgæði rýrni ekki.

Framkvæmdin er innan strandsjávarvatnshlotsins Dyrhóley að Þorlákshöfn (103-1342-C) og grunnvatnshlotanna Landeyja (103-23-G) og Eldfells (103-242-G). Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Því þarf að fjalla um í greinargerð hvaða vatnshlot framkvæmdin nær til og setja inn vatnshlotanúmer þeirra. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert er núverandi ástand þess. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inn á [vatnavefsja](http://vatnavefsja.is).¹⁰

Meta þarf áhrif framkvæmdar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin.

⁹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

¹⁰ [Vatnavefsja](#)

Fjallað er um aðferðafræði við vistfræðilega ástandsflokkun strandsjávarvatnshlota í skýrslu¹¹ og í leiðbeiningum fyrir útreikninga á gæðavísunum NQ11 og AMBI¹² á vatn.is.

Lagning neðansjárleiðslna

Umhverfisstofnun vill benda á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna. Framkvæmdir skulu samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.

Með umsókn til Umhverfisstofnunar um lagningu sæstrengs eða neðansjárleiðslu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar eins og við á hverju sinni:

- Lýsing á umfangi framkvæmdar og umfangi einstakra framkvæmdaþátta og uppdrættir af staðsetningu og legu.
- Upplýsingar um gerð, tegund og tilgang lagningar viðkomandi sæstrengs eða neðansjárleiðslu.
- Upplýsingar um hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum eða skipulagsstefnu á viðkomandi svæði.
- Lýsing á staðhættum á framkvæmdarsvæði.
- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Slóðar

Í greinargerð er fjallað um slóðagerð í tengslum við framkvæmdina. Fram kemur að mögulega mætti nýta eldri slóða við lagningu strengjanna og að líklega verði hægt að samnýta slóða fyrir lagningu VM4 og VM5 á þeim kafla sem þeir eru samliggjandi. Fram kemur einnig að gert er ráð fyrir að slóðar verði látnir standa að lokinni lagningu strengjanna.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að slóðagerð verði haldið í algjöru lágmarki. Umhverfisáhrif af slóðagerðinni þar sem þeir liggja í gegnum hraun og raska hrauni eru varanleg og óafturkræf. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að reynt verði að komast hjá lagning nýrra slóða í gegnum hraun sem nýtur sérstakrar verndar 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess að slóðar sem nauðsynlegt er að leggja í gegnum hraunið séu lagðir eins og hægt er í gegnum nú þegar röskuð svæði.

Umhverfisstofnun telur nokkra óvissu ríkja um umhverfisáhrif af slóðagerð þar sem endanleg staðsetning þeirra liggur ekki fyrir.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð um framkvæmdina kemur fram að gróðurask á yfirborði græs með tímanum og Umhverfisstofnun tekur undir að með góðum frágangi og viðeigandi mótvægisáðgerðum munu ummerki hennar á gróður hverfa á fáeinum árum. Umhverfisstofnun tekur einnig undir að vegna framkvæmdarinnar geti orðið tímabundið rask á búsvæðum og varpi fugla og leggur því áherslu á að hún fari fram fyrir utan varptíma.

¹¹ [Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar](#)

¹² [Leiðbeiningar fyrir útreikninga á NQ11 og AMBI fyrir ástandsflokkun strandsjávar](#)

Strengirnir liggja um hraun sem nýtur sérstakrar verndar og svæði sem er á náttúruminjaskrá. Lagning jarðstrengja í hraun getur haft verulega neikvæð áhrif í för með sér rýrt verndargildi þess. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að draga úr raski á hrauni eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur að með vönduðum vinnubrögðum, góðum frágangi og viðeigandi mótvægisáðgerðum eins og líst er í framkvæmdartilkynningunni sé hægt að draga úr umhverfisáhrifum af framkvæmdinni.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur

Hvolsvöllur, 19. september 2024
Tilvísun: 2409066

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umsögn – Vestmannaeyjalína 4 og 5, nr. 1056/2024, tilkynningarskyld framkvæmd.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra hefur móttækið erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 30. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna tveggja jarð- og sæstrengja sem koma til með að liggja frá tengivirkinu Rimakoti í Rangárþingi eystra sem jarðstrengir niður Landeyjasand til sjávar. Strengirnir verða báðir um það bil 18 km langir í heildina en fyrirhugað er að styrkja flutningskerfið til muna.

Í skýrslunni kemur skýrt fram ástæða framkvæmdarinnar, að tryggja örugga orkuafhendingu fyrir byggðina í Vestmannaeyjum með því að styrkja tengingu við flutningskerfið á Suðurlandi. Einnig er fjallað um núverandi ástand, lýsingu framkvæmdarinnar, kosti og galla. Eins og kemur fram í framlögðum gögnum var nýlega samþykkt breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem lega strengjanna var leiðrétt og því hefur bæði sveitarstjórn og byggðarráð fjallað um framkvæmdina.

Rangárþing eystra bendir á að framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi og skal unnin í góðu samstarfi við landeigendur í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra gerir ekki athugasemd við skýrsluna um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Velkomið er að hafa samband við skipulags- og byggingarembætti Rangárþings eystra

Virðingarfyllst, f.h. Rangárþings eystra



Þóra Björg Ragnarsdóttir